

Landvernd  
Auður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri  
Þórunnartúni 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2018  
Tilvísun: 201711065 / 5.0

---

## Efni: Beiðni um endurskoðun áhlits um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar

---

Vísað er til erindis Landverndar til Skipulagsstofnunar dags. 16. mars 2018 sem lýtur að umhverfismati Hvalárvirkjunar. Í erindinu lýsa samtökin þeirri afstöðu sinni að það sé tilefni til endurskoðunar áhlits stofnunarinnar frá 7. apríl 2017 um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, Árneshreppi vegna nýrra upplýsinga og annmarka í tengslum við upplýsingar um framkvæmdina og málsmeðferðina, sbr. einnig 8. mgr. 6. gr. og IV. kafla laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í erindinu beina samtökin því til Skipulagsstofnunar að gera slíka endurskoðun og færa fram ítarlegar röksemdir í því sambandi. Í niðurstöðukafla erindisins er til hliðsjónar bent á 24. og 25. gr. stjórnsýslulaga og þær meginreglur sem dregnar verða af þeim og almennum reglum stjórnsýsluréttar um endurskoðun ákvarðana í stjórnsýslunni. Einnig er vísað til skýrslu umboðsmanns Alþingis um störf hans 2007 að því er varðar heimildir stjórnvalds til endurupptöku mála, sbr. kafla 3.5 í skýrslunni, og tilmæla umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Skipulagsstofnunar frá 26. maí 2016 í máli varðandi umhverfismat Blöndulínu 3 þar sem áhrif efnistöku höfðu ekki verið metin.

Skipulagsstofnun bendir á að álit stofnunarinnar samkvæmt 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er ekki stjórnvaldsákvörðun og því gilda reglur 24. og 25. gr. stjórnsýslulaga ekki um endurupptöku og afturköllun á álitinu.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar er aðili máls sá sem hefur lögvarinna, verulegra og sérstakra hagsmuna að gæta af úrlausn máls. Þetta gildir ekki aðeins um endurupptöku máls á grundvelli stjórnsýslulaga heldur einnig á grundvelli ólögfesta reglna stjórnsýsluréttar um endurupptöku. Landvernd hefur, að mati Skipulagsstofnunar, ekki þessara hagsmuna að gæta og getur því ekki óskað eftir endurupptöku á álitu um umhverfismat Hvalárvirkjunar á grundvelli almennra reglna stjórnsýsluréttar um endurupptöku. Vegna tilvísunar Landverndar í skýrslu umboðsmanns Alþingis vekur Skipulagsstofnun athygli á því að umfjöllun hans um heimildir stjórnvalda til endurupptöku mála tekur mið af því að sá, sem setur fram beiðni um endurupptöku, sé aðili máls samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Auk framangreinds bendir Skipulagsstofnun á að hafi mál verið kært til æðra stjórnvalds þegar erindi berst frá málsaðila um endurupptöku þess, þer lægra stjórnvaldi að vísa málinu frá („litispendens“ áhrif).<sup>1</sup> Með bréfi Landverndar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 12. september 2017 óskuðu samtökin eftir því að ráðuneytið fjallaði um lögmæti framangreinds álits Skipulagsstofnunar og beindi þeim tilmælum til stofnunarinnar að endurupptaka álitnið og málsmeðferðina. Niðurstaða ráðuneytisins liggur ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Þótt bréf Landverndar frá 12. september sl. sé ekki hefðbundin stjórnsýslukæra og að samtökin séu ekki aðili máls samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar telur Skipulagsstofnun að framangreind „litispendens“ áhrif eigi við, að breyttu breytanda.

Með framangreint í huga vísar stofnunin beiðni Landverndar frá.

Vegna tilvísunar Landverndar til 8. mgr. 6. gr. laga um mat umhverfisáhrifum telur Skipulagsstofnun að þær undirbúningsframkvæmdir (rannsóknarframkvæmdir), sem vikið er að í erindi Landverndar, þ.e. kjarnaboranir og könnunargryfjur, séu hluti þeirrar framkvæmdar (Hvalárvirkjunar) sem undirgengist hefur mat á umhverfisáhrifum. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að í matsskýrslu framkvæmdaraðila er tekið fram að fyrir upphaf framkvæmda þurfi að gera umtalsverðar rannsóknir með borunum í berg og könnun á lausum jarðefnum og efnum í steinsteypu.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Ottó Björgvin Óskarsson

Afrit:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

<sup>1</sup> Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin-skýringarrit, bls. 245.